



Fjallabyggð og Embætti landlæknis (EL) gera með sér eftirfarandi samning um Heilsueflandi samfélag (HSAM).

1. grein

Heilsueflandi samfélag, meginmarkmið og leiðarljós

Heilsueflandi samfélag er samfélag þar sem tekið er mið af heilsu og vellíðan allra íbúa í stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum. Í Heilsueflandi samfélagi er unnið markvisst lýðheilsustarf með lýðheilsuvísá, gátlista og önnur viðeigandi gögn til að meta stöðuna með tilliti til þarfa íbúa á öllum æviskeiðum og forgangsraða í samræmi við þá greiningu.

Meginmarkið samstarfsins er að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífsháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa í Fjallabyggð.

Leiðarljós Heilsueflandi samfélags:

- **Virk þátttaka samfélagsins í heild** með aðkomu lykilhagsmunaaðila.
- Starfið byggir á **bestu þekkingu og reynslu** á hverjum tíma.
- **Valda ekki skaða** (*do no harm*) með því að huga ávallt að áhrifum starfsins á andlega, líkamlega og félagslega heilsu og vellíðan allra íbúa.
- **Jöfnuður til heilsu** með almennum aðgerðum og aðgerðum sem taka tillit til viðkvæmra hópa.
- **Sjálfbærni**, skipuleggja starfið og leggja grunninn að árangri til lengri tíma litið.

2. grein

Hlutverk samningsaðila

Fjallabyggð:

- Ber ábyrgð á starfinu og vinnur í samræmi við meginmarkmið og leiðarljós HSAM samanber 1. grein.
- Tilnefnir tengilið við EL og stuðlar að virku starfi og reglulegri aðkomu lykilhagsmunaaðila með því að hafa starfandi stýrihóp, og eftir þörfum aðra samráðshópa, sem hittast reglulega og horfa heildstætt á málin m.t.t. ólíkra þarfa allra íbúa.
- Setur fram stefnu, markmið og aðgerðaáætlun og metur árangur og framvindu starfsins.
- Notar vinnusvæðið *heilsueflandi.is* og leggur þannig til gögn í árlega skýrslu um stöðu og framvindu starfsins.

Embætti landlæknis:

- Styður við starfið m.a. með ráðgjöf, auðkennisefni, gátlistum fyrir helstu áhersluþætti HSAM og útgáfu lýðheilsuvísá.
- Leggur til vinnusvæðið *heilsueflandi.is* sem m.a. útbýr árlegar skýrslur um stöðu og framvindu starfsins.

3. grein

Gildistími og uppsögn samnings

Samningurinn er í gildi á meðan það er vilji samningsaðila að starfa samkvæmt honum. Æskilegt er að endurskoða samninginn á 4 ára fresti. Ef tilefni þykir til geta samningsaðilar óskað eftir því að samningurinn verði endurskoðaður eða ógildur á öðrum tínum.

Ólafsfirði, 11. júní 2018

F.h. Fjallabyggðar
Gunnar Ingi Birgisson, bæjarstjóri

F.h. Embættis landlæknis
Alma D. Möller, landlæknir